

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Elínar Rannveigar Briem Jónsson, skólaforstöðukonu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. apríl 1966.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Elínar Rannveigar Briem Jónsson, skólaforstöðukonu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Elínar Rannveigar Briem Jónsson, skólaforstöðukonu, og er stofnaður á 90. fæðingardegi frú Elínar, 19. október 1946, af nánustu ættingjum hennar, venzlafólki og vinum.

2. gr.

Sjóðurinn nemur nú kr. 6000.00 — sex þúsund krónum — og er eign Handavinnudeildar kvenna við Kennaraskóla Íslands. Sjóðurinn og framlög, sem honum kunna að berast, skal ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Helming ársvaxta skal jafnan leggja við höfuðstólinn, en hinn helmingurinn falli til útborgunar til stjórnar sjóðsins. Í eigu sjóðsins eru enn fremur 21 verðlaunapeningur.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri Kennaraskóla Íslands og tveir aðalkennarar handavinnudeildar kvenna. Stjórn sjóðsins ráðstafar þeim hluta vaxta hans, sem árlega er greiddur.

4. gr.

Verðlaun skal veita duglegasta nemanda skólans, sem fullnaðarprófi lýkur. Skulu verðlaunin vera peningur úr bronzi með upphleyptri mynd af frú Elínu, gerðri af henni sjötugri af Ríkarði Jónssyni, með áletruninni „Aldrei var þarfara stórvirki gert en að geta sitt mannfélag mannað“ úr kvæði Matthíasar Jochumssonar til Blönduósskólans. Á hinni hlið peningsins standi: „Verðlaun Elínar Briem“, einnig nafn þeirrar stúlku, er hann hlýtur ásamt ártali.

5. gr.

Þegar sjóðurinn hefur vaxið svo, að fé það sem til útborgunar fellur, er að dómi sjóðsstjórnar, ríflegur námsstyrkur, skal veita það fé sem styrk til framhaldsnáms handavinnukennara frá Handavinnudeild Kennaraskóla Íslands, sem að áliti sjóðsstjórnar verðskuldar það.

6. gr.

Reikninga sjóðsins annast skólastjóri, og skulu þeir birtir í skólaskýrslu ásamt vottorði endurskoðenda.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 19. október 1956.

F. h. stofnenda sjóðsins.

Ingibjörg E. Eyfells.